

1. Almenn

N-Lax ehf. (kt. 551009-1220), Laxamýri, 641 Húsavík sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 50 tonna hámarkslífmassa seiðaeldi á villtum laxi, bleikju og regnbogasilungi. Einnig áframeldi á regnbogasilung og bleikju þann 14. mars 2023.

Fiskeldisstöð N-Lax ehf. að Laxamýri er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður seiðaeldisstöðvarinnar er þannig að allt frárennsli fer í gegnum rist í hverju kerri sem hæfir stærð fiskins sem er í kerinu hverju sinni og heldur svo áfram í gegnum hvirfilskilju og þaðan út í settjörn. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 15. júní til 13. júlí 2023 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

N-Lax ehf. sendi inn tilkynningu til Skipulagsstofnunar þann 5. desember 2017 og var ákvörðun Skipulagsstofnunar gefið út þann 25. mars 2019.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna rekstrarleyfis N-Lax ehf. að Laxamýri kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki fela í sér aðrar framkvæmdir en gerð settjarnar ásamt því að komið verður fyrir tromlusíu á frárennsli. Ásýnd svæðisins mun ekkert breytast og upplifun íbúa og vegfarenda verður sú sama og áður.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi N-Lax ehf., eldistegundir eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd N-Lax ehf. að Laxamýri er í samræmi við kynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Norðurlings þann 23. maí 2023. Umsagnir bárust ekki frá Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu.

Norðurling veitti umsögn þann 30. maí 2023, Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurlings, veitir f.h. Norðurlings, jákvæða umsögn um veitingu rekstrarleyfis vegna fiskeldis N-lax við Laxamýri.

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til N-Lax ehf. að Laxamýri, Húsavík. Rekstrarleyfið heimilar 50 tonna hámarkslífmassa seiðaeldi á villtum laxi, bleikju og regnbogasilungi. Einnig áframeldi á bleikju og regnbogasilung í eldisstöðinni að Laxamýri við Húsavík.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir N-Lax ehf. Laxamýri var framlengt til 20. mars 2024 og er því í gildi. Rekstrarleyfi Matvælastofnunar gildir til 18. ágúst 2039.

Selfoss, 18. ágúst 2023